

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um skýrslu Seðlabankans um stöðu heimilanna.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig var komist að þeirri niðurstöðu að 40% af ráðstöfunartekjum heimilis sé viðráðanleg greiðslubyrði af föstum afborgunum lána?
2. Er til opinber framfærslugrunnur fyrir íslensk heimili?
3. Er tekið tillit til frystingar og frestunar á afborgunum við útreikning á greiðslubyrði heimilanna af föstum afborgunum lána?
4. Hvernig er skuldastaða íslenskra heimila miðað við heimili í öðrum löndum?
5. Hvernig hefur skuldastaða íslenskra heimila þróast frá árinu 2000?

Skriflegt svar óskast.